

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvöllir 33, 230 Reykjanesbæ.

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

78. fundur Stjórnar BS bs. haldinn fimmtudaginn 14. desember 2023.

kl. 16:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Trausti Arngrímsson, Magnús S Magnússon, Birgir Örn Ólafsson, Birgitta Rún Birgisdóttir, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri og Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri.

Helga Jóhanna Oddsdóttir boðaði forföll og kallar inn varamann (BRB).

### Dagskrá:

#### Formaður setur fundinn.

- Staða fjármála.
  - Staða fjármála er samkvæmt fjárhagsáætlun.
- Ný gjaldskrá.
  - Drög að nýrri gjaldskrá lögð fram til kynningar og hún samþykkt.
- Skýrsla slökkviliðsstjóra.

#### **Búnaðarkaup:**

BS festi kaup á búnaði í haust vegna gróðurelda og er þessi búnaður að skila sér í hús þessa dagana og vikurnar.

Með þessum viðbótarbúnaði sem BS er að fá, telur stjórn að BS sé orðið nokkuð vel í stakk búið til þess að takast á við þá gróðurelda sem búast má við á okkar svæði.

Þá er ekki verið að tala um atburði sem geta orðið vegna eldgosa, þá erum við komnir á annað stig og almannavarnardeild ríkislögreglustjóra kemur þá að aðgerðum.

#### **Vinna vegna jarðhræringa í Grindavík :**

BS hefur mannað sjúkrabíl í Grindavík þegar opið hefur verið fyrir aðgang að bænum, einnig höfum við mannað slökkvibíl í forföllum slökkviliðsmanna í Grindavík.

Það er ekki alveg ljóst hvernig mönnun verður háttað um hátíðarnar, en það er möguleiki á að við þurfum að hjálpa til við mönnum á þeim tíma.

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvellir 33, 230 Reykjanesbæ.

---

## 4. Önnur mál.

Formaður stjórnar BS, Friðjón Einarsson lætur nú að störfum eftir 8 ára stjórnarsetu og þakkar samstarfsfólki gott samstarf.

## 5. Hátíðar kvöldverður á Courtyard by Marriott Hotel.

**Fundi slitið kl. 17:00**